



## LEIÐARLJÓŠ

Leiðarljóš skólastefnu  
Grundarfjarðarbæjar eru:



## ÁNÆGJA

Kappkosta skal að  
undirtönn allrar vinnu í  
skólum Grundarfjarðarbæjar  
verði ánægja og að hver og  
einn upplifi ánægju við leik  
og störf í skólaumhverfinu.  
Bros er gulls ígildi.



## SAMVINNA

Allt skólastarf skal grundvallast  
á lýðræðislegum vinnubrögðum.  
Lögð skal áhersla á góða samvinnu í öllum  
þáttum skólastarfs Grundarfjarðarbæjar  
og að samvinnan taki til alls samfélagsins.  
Jafnframt að samvinna ríki milli nemenda,  
foreldra og starfsfólks, sem og  
milli nemenda innbyrðis.

## VIRÐING

Áhersla skal lögð á virðingu  
í samskiptum allra sem koma að  
skólastarfi. Virðing endurspeglast  
í þeirri kurteisi sem við sýnum  
í orðræðu og samskiptum og  
í umgengni við  
eigur annarra.



# SKÓLASTEFNA

## GRUNDARFJARÐARBÆJAR



Samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar 29. apríl 2014.

GRUNDARFJARÐARBÆR  
Borgarbraut 16  
350 Grundarfirði  
[www.grundarfjordur.is](http://www.grundarfjordur.is)



## LÖG OG REGLUR



Skólastarfi í Grundarfjarðarbæ skal ætíð grundvallast á þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi viðkomandi skóla. Hver skóli setur sér sína skólanámskrá sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skóla og skólastefnu sveitarfélagsins.



## VELFERÐ OG VELLIÐAN

Skólar Grundarfjarðarbæjar leggja áherslu á velferð og velliðan nemenda og starfsfólks. Kappkosta skal að í skólunum starfi hverju sinni vel menntað og hæft starfsfólk í faglegu umhverfi. Grundarfjarðarbær leggur sitt af mörkum með því að styðja starfsfólk til náms og til endur- og símenntunar.



## GÓÐ AÐSTAÐA

Grundarfjarðarbær kappkostar, eftir því sem fjármagn leyfir, að öll aðstaða og aðbúnaður nemenda og starfsfólks sé til fyrirmyndar.



## NÁTTÚRA OG NÆRSAMFÉLAG

Í skólastarfi skal unnið með þá sérstöðu sem skólarnir búa við með nálægð við stórkostlega náttúru og fjölbreytt landslag, sem jafnframt má tengja við hreyfingu og útiveru. Þá nýti skólarnir sér smæð samfélagsins til hverskonar samvinnu ásamt því að efla samstarf við atvinnulíf á staðnum. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á nánasta umhverfi, sögu þess og sérkennum. Jafnframt að samvinna sé á milli skóla Grundarfjarðarbæjar við aðrar skólastofnanir og þá sérstaklega við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Þá skulu skólarnir vinna að því að styrkja þau vinabæjartengsl sem skapast hafa við Paimpol.

## HEIMILI OG FRISTUNDIR

Lögð skal áhersla á gott samstarf skóla, foreldra og frjálsra félagsamtaka á sviði tómstunda og íþróttastarfs. Leitast skal við að samræma skóla-, íþrótt- og tómstundastarf þannig að sem mest samfella verði hjá nemendum. Grundarfjarðarbær telur mikilvægt að skólarnir sinni markvissu forvarnarstarfi í samvinnu við foreldra og aðra þá aðila sem lagt geta sitt af mörkum. Í forvarnarstarfi sem og öllu öðru skólastarfi er mikilvægt að foreldrar láti sig nám og tómstundir barna sinna miklu varða.

## KENNSLUHÆTTIR

Grundarfjarðarbær leggur áherslu á að í skólastarfi taki kennsluhættir ávallt mið af þroska og hæfni nemenda og styður heilshugar við nýbreytni í skólastarfi og kennsluháttum sem miða að því að koma til móts við ólíka einstaklinga

## NÁMIÐ

Í skólum Grundarfjarðarbæjar skal lögð sérstök áhersla á færni í kjarnagreinum en jafnframt á læsi í víðasta skilningi þess orðs. Áhersla skal lögð á sköpunargleði og skapandi greinar í samspili við tækni og tækninýjungar. Nemandi skal fá þjálfun í að koma fram einn eða í hópi. Einstaklingsmiðað nám skal ætíð vera í forgrunni.



Í LEIKSKÓLANUM skal lögð áhersla á markvissan undirbúning fyrir næsta skólastig og félagsleg samskipti í gegnum leik og skapandi starf á mikilvægu þroskaskeiði einstaklingsins. Leggja ber áherslu á snemmtæka íhlutun þar sem brugðist er fljótt við ef vísbending um frávik kemur í ljós.



Í GRUNNSKÓLANUM skal markmiðið vera að útskrifa sjálfstæðan, skapandi og félagslega þroskaðan einstakling með góða námslega undirstöðu í samræmi við hæfni hans og getu.

Í TÓNLISTARSKÓLANUM skal lögð áhersla á tónlistarlegt uppeldi sem eflir hæfni, þekkingu og þroska einstaklingsins. Nemendur fái markvissa kynningu á stefnum og straumum í heimi tónlistarinnar. Lögð skal áhersla á að tónlistarnámið verði nemanda hvatning til að halda áfram á tónlistarbrautinni.

## FORELDRAR

Í öllu skólastarfi er það meginforsenda árangurs hjá nemanda að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barns síns, fylgjast með framvindu, styðji og hlúi að. Í þeirri vegferð allri skiptir miklu máli að gagnkvæmt traust ríki í samskiptum foreldra og starfsfólks skólanna.



## MAT OG EFTIRFYLGNI



Skólar Grundarfjarðarbæjar skulu framkvæma innra mat reglulega. Til að tryggja framgang skólastefnunnar skal skólanefnd meta á 2–3 ára fresti hvernig skólum Grundarfjarðarbæjar tekst að framfylgja henni, í fyrsta sinn árið 2016.

